

## Fundargerð

2. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2020-2021 - 6. nóv. kl. 8:15 – 9:30 í Heppuskóla – á Teams og stofu 6 í Heppuskóla fyrir nemendur og starfsmenn sem það vildu.

**Fundarstjóri og fundarritari:** Þórgunnur Torfadóttir

Mættir: Fjóla Hrafnkelsdóttir, Katrín Guðmundsdóttir, Helga Árnadóttir, Guðrún Ingólfsdóttir, Stígur Aðalsteinsson, Ída Mekkín Hlynsdóttir

Björn Sigfinnsson, Eva Rán Ragnarsdóttir, Heiður Sigurðardóttir,

### Dagskrá

1. Skólapúlsinn – farið yfir niðurstöður (sjá mynd).

#### 1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Röðun	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	20 af 38	4,6	39	0,1	4,6	5.221	0,0
1.2. Þrautseigja í námi	27 af 37	4,1	40	-0,5	4,7	5.258	-0,6
1.3. Áhugi á stærðfræði	11 af 38	5,1	39	-0,1	5,0	5.301	0,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	13 af 38	4,9	40	0,5	4,8	5.291	0,1
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	15 af 37	4,5	40	-0,3	4,6	5.253	-0,1
1.6. Trú á eigin námsgetu	25 af 38	4,1	40	-0,5	4,6	5.285	-0,5



#### 2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Röðun	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	22 af 37	4,0	40	-0,5	4,3	5.238	-0,3
2.2. Stjórn á eigin lífi	2 af 37	4,9	40	0,2	4,4	5.224	0,5
2.3. Velliðan	10 af 38	4,5	40	-0,1	4,5	5.266	0,0
2.4. Einelti	27 af 38	5,5	40	0,2	5,6	5.258	-0,1
2.5. Tíðni eineltis	17 af 38	15,0%	6/40	3,2%	14,5%	822/5247	0,5%
2.6. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	10 af 37	50,0%	20/40	1,3%	44,3%	2264/5170	5,7%
2.7. Holt mataræði	35 af 37	4,0	40	-0,5	4,6	5.213	-0,6*


#### 3. Skóla- og bekkjarandi


Matsþættir ↑↓	Röðun	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	8 af 37	4,9	40	-0,0	4,8	5.208	0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	15 af 38	5,1	40	0,2	5,0	5.239	0,1
3.3. Agi í tímum	34 af 38	4,4	40	0,1	5,0	5.232	-0,6
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	20 af 38	5,1	40	-0,3	5,1	5.221	0,0
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	3 af 38	5,7	40	0,2	5,0	5.228	0,7*

2. Niðurstöður lesskimana og dagur íslenskrar tungu – (sjá mynd) og sagt aðeins frá degi íslenskrar tungu.



3. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk – fyrstu niðurstöður komnar og báðir bekkirnir koma vel út – sjá myndir. Þegar lokaniðurstöður koma þá verða þær settar á heimasíðuna undir ytra mat <https://gs.hornafjordur.is/stefna-og-aaetlun/sjalfsmat/ytramat/>





4. Baráttudagur gegn einelti 8. nóvember– dagskrá í dag 6. nóv. Vinna með félagsleg samskipti er fyrirferðamikil innan skólans og mikil orka sem fer í þá vinnu og hún er oft á tíðum flókin. Á baráttudegi gegn einelti höfum við reynt að vinna eitt stórt sameiginlegt verkefni en í dag á að sýna myndbandið hans Björgvins Páls Gústafssonar í öllum bekkjum og nota það sem kveikju í umræður um samskipti í bekknum og samskipti í skólanum.  
<https://www.facebook.com/BjorgvinPallGustavsson/videos/366863251099594>
5. Nemendafing á tímum Covid -19. Í tilefni af degi barnasáttmálans 20. nóv hefur verið rætt um að hafa nemendafing í skólanum 19. nóvember. Einnig hefur verið rætt um að í ljósi ástandsins núna væri einungis verið að ræða saman á bekkjargrundvelli en að gott væri að taka fyrir mál málaann í dag, Covid-19. Fyrstu tillögur að umræðuefni eru eftirfarandi en þeir geta svo sannarlega breyst.
  - **Hvaða neikvæðu hluti hefur Covid-19 í för með sér?**
  - **Hvaða jákvæðu hluti hefur Covid-19 í för með sér?**
  - **Hvernig getum getum við lifað sem bestu lífi með Covid-19?**
6. Annaskil, viðtalsdagur, vetrarfrí og svo eru bara komin jól.
7. Hugmyndir ráðsmanna að fundarefni í vetur.
  - a. Minna á endurskinsmerki og að nemendur sjáist. Nú þegar myrkur er á morgnana þegar nemendur koma í skólann er mikilvægt að þeir sjáist en skortur er á því að börnin séu með endurskinsmerki og séu að hjólin séu með ljós hjá þeim sem enn eru á þeim. Rætt um umferðarmál í bænum og Helga ætlar að ath. með að setja saman ályktun frá skólaráði fyrir næsta fund.
  - b. Hvernig getum við eflt samstarf foreldra og skóla. Í fyrra var rætt um að hittast t.d. á Hafinu og hafa skemmtilegan hitting, það er ekki hægt núna en kannski væri hægt að hittast á netinu. Hugmynd sem var rædd var t.d. að horfa á eitthvað saman og hittast svo á netinu og ræða.
8. Önnur mál
  - a. Foreldrar 164 nemenda af 255 mættu á kynningarfundina eða 64.3 % foreldra sem er svipað og venjulega.
  - b. Mætingar nemenda hafa verið afar góðar það sem af er ári. Leyfis dagar nemenda fyrstu 54 daga þessa skólaárs eru 201 en voru 419 fyrstu 50 dag
  - c. Þórgunnur beðin um að senda mynd af umferðarleiðum við Hafnarskóla til að minnka umferðarteppuna þar.
  - d. Næsti fundur 4. des kl. 8:15